

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 448/1992.

Fjármálaráðherra

f. h. ríkissjóðs

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Sveini Rafnssyni

Guðmundi Ómari Péturssyni

og Pétri Bjarnasyni

(Stefán Pálsson hrl.)

og gagnsök

Söluskattur. Hlutafélög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1992. Hann krefst greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 2.257.620 krónur, eða annarrar lægri fjárhæðar, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1991 til greiðsludags. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 6. janúar 1993. Þeir krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjendur stofnuðu hlutafélagið Fjör hf. og sátu allir í aðalstjórn og önnuðust daglegan rekstur þess. Eru samþykktir félagsins dagsettar 4. maí 1988, og var tilgangur félagsins samkomu- og skemmtanahald o. fl. Félagið stóð fyrir útiskemmtun á Melgerðis-melum í Eyjafirði 29. júlí til 1. ágúst 1988. Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu heimilaði skemmtanahaldið með bréfi 28. júní 1988. Í bréfinu er eftirfarandi skilyrði sett varðandi söluskatt: „Samkomuhaldari skal prenta sérstaka aðgöngumiða að útihátíðinni, númeraða í

áframhaldandi númeraröð, gataða þannig, að hægt sé að rífa af þeim, og á þeim komi fram verð. Nokkrum dögum áður en útihátíðin hefst skal koma miðunum til embættis sýslumanns. Uppgjör söluskatts fer fram af seldum miðum, enda ber samkomuhaldara að framvísa stofnum þeirra svo og óseldum miðum.“ Í málinu liggur frammi ódagsett upplýsingaskýrsla yfir fjölda seldra miða. Kemur þar fram, að talningin hafi verið gerð af mótshöldurum samkvæmt fyrirmælum yfirvalda. Ágreiningslaust er, að gagnáfrýjendur innheimtu söluskatt af seldum miðum á útihátíðina.

Í bréfi sýslumanns til Guðmundar Ómars, eins gagnáfrýjenda, 29. ágúst 1988 segir: „Hér með skal það ítrekað, sbr. samtal við yður 26. þ. m., að Fjör hf. skili nú þegar til embættisins og eigi síðar en 2. sept. nk. söluskatti af andvirði seldra aðgöngumiða að útiskemmtun á Melgerðismelum dagana 29. júlí til 1. ágúst sl., sbr. lið 12 í samkomuleyfinu, dags. 11. f. m., og söluskattslög. Söluskatturinn hefur verið reiknaður út samkvæmt skilum félagsins á aðgöngumiðum og nemur kr. 2.720.400,-. Skattinum ber að skila að viðlagðri ábyrgð að lögum.“

Gagnáfrýjendur gerðu engin skil á skattinum fyrr en 14. október 1988, að greiddar voru 372.780 krónur. Voru eftirstöðvarnar þá taldar nema 2.347.620 krónum. Gagnáfrýjendur töldu, að ofreiknað hefði verið í uppgjörinu sem nam 80-100 miðum á 4.500 krónur hver miði, og næmi skatturinn af þeim samtals 90.000 krónum. Hefur aðaláfrýjandi lækkað kröfuna sem því nemur eða í 2.257.620 krónur. Bú Fjörs hf. var úrskurðað gjaldþrota 4. júlí 1989 að beiðni innheimtumanns ríkissjóðs 30. mars sama ár. Reyndust engar eignir í búinu, en auk ríkissjóðs lýstu Akureyrarbær og STEF kröfum í bú-ið. Lauk skiptum við svo bú-ið. Höfðað var opinbert mál á hendur gagnáfrýjendum fyrir að skila ekki söluskattinum sem stjórnarmenn Fjörs hf., og með dómi Hæstaréttar 4. júní 1991 voru þeir fundnir sekir um brot gegn 1. og 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og dæmdir til greiðslu sekta. Í málinu hafði ríkissjóður uppi skaðabótakröfu til þess hluta söluskattsins, sem Fjör hf. hafði ekki greitt. Var hún tekin til greina í héraðsdómi, en Hæstiréttur vísaði kröfunni frá með svofelldum orðum: „Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt má hafa uppi skattakröfu í opinberu máli vegna brots á lögnum. Bótakrafa ríkissjóðs er tekin beint upp í

ákæruskjal ríkissaksóknara og er sömu fjárhæðar og söluskatturinn, sem Fjör hf. skuldaði. Í reynd er því verið að gera kröfu um greiðslu á söluskattinum. Ákærðu bera ekki persónulega ábyrgð á söluskatti þeim, sem Fjóri hf. bar að greiða. Er bótakrafan á hendur þeim ekki rökstudd með þeim hætti, að á hana verði lagður efnisdómur í þessu máli, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.“

Mál þetta var þingfest í héraði 10. október 1991. Kröfuna á hendur gagnáfrýjendum reisir aðaláfrýjandi á því, að þeim hafi borið samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960 að standa skil á skattinum af sjálfsdáðum 15. ágúst 1988, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Skilaskyldan sé vernduð af ströngum refsíákvæðum 25. gr. sömu laga, og hafi Hæstiréttur fundið þá seka um brot á því ákvæði. Tjón ríkisins nemi því, sem ekki var skilað af skattinum, og sé bein afleiðing af refsiverðri háttsemi þeirra. Þeir séu því bótaskyldir samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sbr. og 52. gr. og 132. gr. þágildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Gagnáfrýjendur halda því fram, að þeir hafi ekki þegið nein laun fyrir vinnu sína hjá félaginu nema Guðmundur Ómar, sem hafi fengið laun sem framkvæmdastjóri. Það, sem inn kom á hátíðinni, hafi þeir strax notað til að greiða ýmsan kostnað, sem af hátíðinni leiddi. Þeir hafi haldið, að félagið ætti fyrir söluskattinum, þegar að greiðslu hans kæmi, og hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrr en um 25. ágúst, að þeir gátu ekki greitt hann. Huglæg skilyrði skorti því til verknaðarins.

II.

Af því, sem að framan er rakið, sést, að gagnáfrýjendur máttu strax að lokinni útihátíðinni gera sér grein fyrir því, hverju þeir þyrftu að skila sem söluskatti af seldum miðum. Urðu þeir að gera ráð fyrir þeim fjárhæðum við uppgjör eftir hátíðina, en Fjör hf. hafði ekki með höndum annan rekstur. Þeir gáfu félagið ekki upp til gjaldþrotaskipta, en í því tilviki hefði ríkissjóður setið við sama borð og aðrir almennir kröfuhafar. Þá hefði væntanlega ekki komið til refsíábyrgðar gagnáfrýjenda. Þeir hófu hins vegar uppgjör við aðra kröfuhafa þvert á hagsmuni ríkissjóðs. Nægjanlega er því fram komið, að ríkissjóður hefur orðið fyrir tjóni af framferði þeirra, sem mælt var saknæmt í 25. gr. laga nr. 10/1960. Fjárhæð tjóns aðaláfrýj-

anda verður hins vegar ekki, eins og hér stendur á, metið meira en svarar því, sem greiðst hefði af söluskattskröfunni sem almennri kröfu í þrotabú Fjørs hf., hefði bú félagsins strax verið tekið til gjaldprotaskipta að lokinni hátíðinni. Mátti gagnáfrýjendum þá vera ljóst, að félagið átti ekki fyrir skuldum. Rekstrarreikningur Fjørs hf. liggur frammi í málinu. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram hér fyrir dómi, að af honum megi sjá, að greiðst hefðu 85% af kröfu hans, hefðu gagnáfrýjendur gefið félagið upp til gjaldþrotaskipta strax að lokinni útihátíð. Hefur þessu ekki verið mótmælt. Útreikningur þessi er miðaður við, að tekjur hafi numið um 85% af gjöldum, og ekki er þar tekið tillit til forgangskröfu, að fjárhæð 184.000 krónur. Útreikningur þessi er ekki nákvæmur. Að teknu tilliti til þess, sem greitt var af söluskattinum, verða gagnáfrýjendur in solidum dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda bætur að álitum, sem þykja hæfilega ákveðnar 1.600.000 krónur. Vaxtakrafa aðaláfrýjanda er tekin til greina af dæmdri fjárhæð frá þingfestingu málsins.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar er kveðið á í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Sveinn Rafnsson, Guðmundur Ómar Pétursson og Pétur Bjarnason, greiði aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs in solidum 1.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1991 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 8. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað með stefnu, birtri 28. september og 30. september 1991, á hendur Sveini Rafnssyni kt. 150761-3449, Ránargötu 12, Akureyri, Guðmundi Ómari Péturssyni, kt. 120864-2629, Vanabyggð 13, Akureyri, og Pétri Bjarnasyni, kt. 220664-3849, Móasíðu 2 d, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði gert að greiða ríkissjóði in solidum skaðabætur, að fjárhæð 2.257.620 kr., eða aðra lægri fjárhæð að

mati réttarins. Gerð er krafa um, að fjárhæðin beri dráttarvexti skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands skv. lögum nr. 25/1987 frá 1. október 1988 til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að 4. maí 1988 hafi hlutafélagið Fjör verið stofnað á Akureyri, og hafi stefndu verið hluthafar og stjórnarmenn þess. Félagið hafi staðið fyrir útiskemmtun á Melgerðismelum í Eyjafirði dagana 29. júlí til 1. ágúst 1988. Við sölu aðgöngumiða á útiskemmtunina hafi verið innheimtur söluskattur, en honum hafi ekki verið skilað nema að hluta til í ríkissjóð, heldur verið notaður til annarra þarfa hlutafélagsins. Fjör hf. hafi orðið gjaldþrota og engar eignir reynst í búinu. Höfðað hafi verið opinbert mál á hendur stefndu og þeim gert að sæta refsingu vegna brota á lögum um söluskatt. Í ákæru var þess krafist, að ákærðu, þ. e. stefndu, yrðu dæmdur til greiðslu skaðabóta í ríkissjóð að viðbættum dráttarvöxtum. Þessi krafa hafi verið tekin til greina í sakadómi, en í Hæstarétti hafi henni verið vísað frá héraðsdómi.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndu hafi bakað ríkissjóði tjón með því að standa ekki skil í ríkissjóð á þeim söluskatti, er þeir innheimtu við sölu aðgöngumiða á útihátíðinni. Þrátt fyrir það að brýn lagaskylda standi til þess að innheimta söluskatt og skila honum í ríkissjóð, hafi þeir ekki sinnt því, en ráðstafað honum til annarra þarfa hlutafélagsins. Telja verði, að tjón ríkissjóðs sé bein afleiðing refsiverðrar háttsemi stefndu, sem búíð sé að dæma um. Í málinu byggist því bótakrafan á almennu skaðabótareglunni.

Meginrök stefndu fyrir sýknukröfu sinni eru þau, að skaðabótakröfunni hafi verið vísað frá héraðsdómi í Hæstarétti með þessum orðum réttarins: „Bótakrafa ríkissjóðs er tekin beint upp í ákæruskjal ríkissaksóknara og er sömu fjárhæðar og söluskatturinn, sem Fjör hf. skuldaði. Í reynd er því verið að gera kröfu um greiðslu á söluskattinum. Ákærðu bera ekki persónulega ábyrgð á söluskatti þeim, sem Fjóri hf. bar að greiða. Er bótakrafan á hendur þeim ekki rökstudd með þeim hætti, að á hana verði lagður efnisdómur í þessu máli, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.“

Krafa stefnanda í þessu máli virðist studd sömu rökum og krafa ákærvaldsins fyrir sakadómi og Hæstarétti. Meginregla laga um hlutafélög sé sú, að það sé félag, þar sem enginn félagsmanna beri persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þá sé krafa ríkissjóðs almenn krafa, enda sé henni lýst svo í protabú Fjörs hf. Fjóri hf. hafi borið að innheimta sölu-

skatt af seldum aðgöngumiðum og skila honum á ákveðnum degi. Ekki sé lögfest regla um, að ríkissjóður verði eigandi að söluskattinum, fyrr en hann gjaldfellur, og sé ekki talið, að þeim, sem innheimti söluskatt, hafi borið að halda honum aðgreindum frá öðrum fjármunum sínum, enda muni slíkt ekki tíðkað. Krafa ríkissjóðs sé því almenn krafa eins og krafa Stefs og Akureyrarbæjar í þrotabú hlutafélagsins, og stefndu beri ekki persónulega ábyrgð á greiðslu hennar frekar en þeir beri ábyrgð á greiðslu hinna krafanna. Samkvæmt sérrefsilögum hafi stefndu hins vegar framið refsiverðan verknað, og hafi þeir hlotið dóm fyrir það. Vafasamt sé að halda því fram, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni; hann hafi ekki orðið fyrir neinum fjárútlátum, heldur þvert á móti fengið greiddar 372.280 kr. Huglæg skilyrði skorti til verknaðarins. Stefndu hafi haldið, að hlutafélagið ætti fyrir söluskattinum, þegar til greiðslu hans kæmi.

Framangreindur hæstaréttardómur hefur verið lagður fram í málinu, og eru rök hans fyrir frávisun bótakröfunnar þau, er að framan greinir.

Þykir með vísan til þessara raka eiga að sýkna stefndu af kröfu stefnanda í máli þessu, þar sem ljóst er, að hér er um sömu kröfu að ræða.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sveinn Rafnsson, Guðmundur Ómar Pétursson og Pétur Bjarnason, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
